

Minnisblað til velferðarnefndar Alþingis vegna 450. máls (nikótínvörur)

Með tölvupósti, dags. 25. maí sl., óskaði formaður velferðarnefndar og framsögumaður 450. máls (nikótínvörur) eftir að heilbrigðisráðuneyti myndi taka saman minnisblað þar sem fjallað væri um ákveðin atriði og þau skýrð nánar.

Heilbrigðisráðuneytið bendir á að frá því nikótínþúðar komu á markað á Íslandi hafi þeir notið gríðarlegra vinsælda og eru orðnir mjög útbreiddir en nikótínþúðarnir eru algengasta neysluform nikótíns hér á landi.

Undanfarin misseri hafa ráðuneytinu borist fjölmörg erindi er varða nikótínþúða og fyrirspurnir um lagaumhverfi þeirra og hugsanlega leyfisskyldu fyrir sölu og markaðssetningu þeirra. Einnig hafa eftirlitsstofnanir með vörum á íslenskum markaði lýst yfir vandkvæðum á flokkun slíkra vara í nógildandi lagaumhverfi. Bæði innflytjendur og seljendur þessara vara hafa kallað eftir því að reglur verði settar um vörurnar.

Gildandi lög um rafrettur eiga aðeins við um rafrettur og áfyllingar fyrir þær og því falla nikótínþúðar ekki undir þau.

Nikótínvörur líkt og nikótínþúðar sem eru tóbakslausir falla ekki undir tóbaksvarnarlög þar sem þúðarnir innihalda ekki tóbak. Með umræddu frumvarpi eru nikótínvörur, þar á meðal nikótínþúðar, felldar undir gildisvið laga um rafrettur og munu að mestu leyti sömu reglur gilda um slíkar vörur og gilda um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur.

Nikótínþúðar eru algengasta neysluform nikótíns hér á landi. Aðeins örlítið brot af notendum nikótínþúða er fyrrum reykingafólk sem notar nikótínþúða til þess að hætta tóbaksreykingum. Lang stærstur hluti eru nýir notendur sem ánetjast nikótíni. Um þriðjungur karla á aldrinum 18 til 44 ára og kvenna á aldrinum 18 til 24 ára nota nikótínþúða og algengast er að um daglega notkun sé að ræða. Samkvæmt niðurstöðum úr framhaldsskólakönnun frá Rannsóknnum og greiningu notar um þriðjungur framhaldsskólanema, sem er á aldrinum 16-18 ára, nikótínþúða. Í 10 og 9 bekk er einnig töluverð útbreiðsla en notkun barna í 10 bekk er um 10% og 5% í 9 bekk en þó eru ekki tölur um það hversu regluleg notkun það er hjá þessum hópi.

Samkvæmt skýrslu frá Rannsóknnum og Greiningu frá desember 2021 er dagleg notkun meðal nemenda í 10. bekk um 6,6% en um 5,2% nota rafrettur sjaldnar en daglega. Það eru því tæp 12% nemenda í 10. bekk sem nota rafrettur reglulega.

Í framhaldsskóla er dagleg notkun rafrettna meðal stráka yfir 18 ára 16% en þar að auki nota 17% rafrettur sjaldnar en einu sinni á dag. Meðal stúlkna í þessum aldurshópi nota 14% rafrettur daglega en 22% sjaldnar en einu sinni á dag. Dagleg notkun rafrettna meðal stráka undir 18 ára er 11% en 15% meðal stúlkna undir 18 ára aldri. Í aldurshópnum 18 ára og yngri nota 11% stráka og 15% stúlkna rafrettur sjaldnar en einu sinni á dag.

Samkvæmt talnabrunni Embættis landlæknis sem gefinn var út í febrúar 2022 kemur fram að notkun meðal aldurshópsins 18-24 ára er í kringum 10% meðal beggja kynja. Dagleg notkun fullorðinna fór úr 5,5% árið 2020 í 6,4% árið 2021. Börn og ungmenni eru því stærsti notendahópur rafrettna.

Þessi útbreidda notkun meðal barna og ungmenna er þrátt fyrir reglur nógildandi laga um aldurstakmörk, sýnileikabann, bann við notkun og sölu á tilteknum stöðum og ákvæði laganna um reglubundna fræðslu EL, einkum til ungmenna, um áhrif notkunar rafrettna á heilsu. Heilbrigðisráðuneytið telur nógildandi ákvæði því duga skammt og þörf sé á að grípa til frekari aðgerða til að sporna við nýliðun meðal barna og ungmenna og draga úr notkun þeirra.

Hér á eftir er umfjöllun um ákveðin atriði og þau skýrð nánar:

a) Varðandi bragðefnin sérstaklega:

- áhrif bragðefna á neyslu

Margar rannsóknir hafa sýnt að bragðefni er einn af áhrifaþáttum þess að ungt fólk byrji að nota rafrettur og haldi áfram að nota rafrettur. Þar sem nikótínþokar og aðrar nikótínvörur eru nýjar á markaði er ekki búið að rannsaka áhrif þeirra með umfangsmiklum hætti. Eins er löggjöf um þær af skornum skammti í nágrannalöndum okkar enda, ólíkt hér á landi, neysla þeirra ekki jafn útbreidd og sala þeirra jafnvel bönnuð (t.d. Noregur, Ástralía, Holland, Þýskaland. Í Belgíu og Lúxemborg er til skoðunar að banna alfarið sölu nikótínþúða) eða takmörkuð við nikótínþúða sem flokkast sem lyf (Finnland, Spánn). Þar af leiðandi er eftirfarandi umfjöllun byggð á því sem liggur fyrir um rafrettum.

Adolescents could consider flavor the most important factor trying e-cigarettes and were more likely to initiate vaping through flavored e-cigarettes. Young adults overall preferred sweet, menthol, and cherry flavors, while non-smokers in particular preferred coffee and menthol flavors. Adults in general also preferred sweet flavors (though smokers like tobacco flavor the most) and disliked flavors that elicit bitterness or harshness.

A systematic review of consumer preference for e-cigarette attributes: Flavor, nicotine strength, and type | PLOS ONE

Í skýrslu SCHEER (2021) segir að þegar unglingar og ungt fólk byrjar að nota rafrettur sé það oftast með bragðbættum rafrettum. Bragðefnin eru notuð til þess að fela hið sterka og vonða bragð sem er af nikótíni.

Samkvæmt SCHEER (2021) og Zare o.fl. (2018) minnka bragðtegundir skynjun neytenda á skaðsemi vörunnar og auka vilja fólks til að prófa og nota rafrettur. Neytendur gætu því talið að rafrettur séu skaðminni vegna bragðtegundanna sem eru í þeim. Þá voru bragðefni talin af ungmennum vera mikilvægasti þáttur slíkra vara og þau voru líklegri til að byrja notkun rafrettna með bragðbættum rafrettum en ella.

Ungmenni sem reykja rafrettur sem innihalda bragðefni reykja meira heldur en sá hópur sem reykir rafrettur með tóbaksbragði samkvæmt rannsókn USC (2019). Því eru vísbendingar um að bragðefni leiði til þess að notkun ungmenna á rafrettum aukist og færist úr því að vera „fíkt“ í reglubundna notkun.

Meernik o.fl. (2019) báru saman fjórar rannsóknir á hættuskynjun unglunga, þrjár frá Bandaríkjunum og eina frá Bretlandi. Allar komust þær að þeirri niðurstöðu að bragðtegundir í rafrettum minnkuðu skaðaupplifun, og þá sérstaklega ávaxta og nammibrögð í samanburði við tóbaksbragð. Þá segja þeir að tvær rannsóknir í Bandaríkjunum og Kanada hafi komist að því að líklegri væri að aðgangur að bragðefnum væri gefin upp sem ástæða fyrir notkun hjá yngri notendum heldur en eldri.

Rannsókn Strombotne o.fl. (2021) leiddi í ljós að unglingar 14-18 ára upplifðu ávaxtabrögð í rafrettum sem ólíklegri til að leiða til lungakrabbameins, ólíklegri til að óbeinar reykingar séu skaðlegar auk þess að vera ekki jafn ávanabindandi og sömu vörur með tóbaksbragði. Svipaðar niðurstöður fengust vegna nammi, mentól og áfengisbragði en þó með minni mun.

SCHEER (2021) segja að gögn Eurobarometer frá 2020 segir að því eldri sem notendur rafrettna eru því líklegri eru þeir að nota tóbaksbragð. Varðandi ávaxtabragð sögðust 75% aðspurðra notenda á aldrinum 15-24 ára nefna ávaxtabragð en aðeins 18% 55 ára og eldri.

Í mörgum fræðigreinum hefur verið bent á svokallað „gateway effect“ þar sem ákveðinn hluti af þeim einstaklingum reykir rafrettur færir sig síðar yfir í tóbaksreykingar.

- alþjóðlega stefnumótun varðandi reglur um bragðefni

Samkvæmt rammasamningi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (FCTC) um tóbaksvarnir sem Ísland hefur undirritað er tekið á takmörkunum á bragðefnum í gr. 9 og 10 til að sporna við ungt fólk ánetjist nikótíni.

The partial guidelines for implementation of articles 9 and 10 recommend the prohibition or restriction of flavoured tobacco products due to their effect in attracting adolescents and disguising the harshness of tobacco.4)

Global review of tobacco product flavour policies | Tobacco Control (bmj.com)

Heilbrigðisráðherra skipaði starfshóp árið 2019 sem var falið það verkefni að meta hvort takmarka ætti heimildir til markaðssetningar bragðefna í rafretum. Í starfshópnum sátu fulltrúar frá heilbrigðisráðuneytinu, Neytendastofu, Embætti landlæknis og umboðsmanni barna. Starfshópurinn hitti fjölbreyttan hóp aðila, söluaðila og aðra hagsmunaaðila, svo sem barnalækni, lungnalækni, fulltrúa frá heilsugæslunni, fulltrúa frá Krabbameinsfélagi Íslands og Krabbameinsfélagi Reykjavíkur, prófessor í tóbaksvörnum, forvarnasérfræðinga o.fl. Allir aðilar voru sammála að bragðefni, sérstaklega nammi- og ávaxtabrögð, gegndu lykilhlutverki í því hversu eftirsóttar rafrettur eru. Að undanskildum söluaðilum rafretta voru aðilar sammála um að mjög aðkallandi væri að banna sölu á bragðefnabættum rafretum til að sporna við notkun barna og ungmenna og draga úr nýliðun. Starfshópurinn var einróma í niðurstöðu sinni um að takmarka ætti bragðefni sem höfða til barna, svo sem nammi- og ávaxtabragð.

Norrænn samanburður á reglum varðandi bragðefni.

There is a ban on flavors for cigarettes and roll-your-owns (RYO) in all Nordic countries, except in Iceland. In addition, Finland prohibits flavors in e-cigarettes, nicotine-containing e-liquids and nicotine-free e-liquids intended for vaporization. In the future, Denmark will restrict flavors also in other tobacco products than cigarettes, as it will prohibit flavors in e-cigarettes and allow menthol flavors only in pipe tobacco (methol pipe tobacco advertised and sold as RYO tobacco), cigars, and cheroots (Denmark 2019). Norwegian government has recently proposed flavor bans in e-cigarettes (Regjeringen 2021). Flavor bans on smokeless products are not in place in any country selling smokeless products. Snus is also the only tobacco product of which the level of nicotine is not regulated.

Til viðbótar má benda á að Eistland og Ungverjaland hafa bannað allt nema tóbaksbragð. Í júlí mun taka gildi bragðefnabann í Litháen þar sem aðeins tóbaksbragð er leyft og Holland hefur lagt fram frumvarp um bann á bragðtegundum þar í landi. Til stuðnings þessu banni var meðal annars vísað til þess að rafrettur séu skaðlegar og gríðarlega ávanabindandi. Notkun þeirra meðal ungmenna og fullorðinna sé töluverð og bragðefni gegni lykilhlutverki í vinsældum þeirra, sérstaklega meðal ungmenna. Því var talið nauðsynlegt að grípa til umræddra takmarkana í þeim tilgangi að draga úr notkun. Ísland yrði síður en svo fyrsta landið til þess að banna bragðefni og virðast fleiri og fleiri ríki í Evrópu vera að skoða hvort hægt sé að stemma stigu við notkun ungmenna á rafretum.

Það má einnig nefna að í nokkrum fylkjum (New York, New Jersey, Massachusetts, Rhode Island, Kaliforníu, Maryland og Utah) og fjölmörgum borgum Bandaríkjanna er lagt bann við sölu, innflutningi og framleiðslu rafretna sem innihalda önnur bragðefni en tóbaksbragð. Bandaríska Food and Drug Administration (FDA) hefur jafnframt lagt bann við framleiðslu, sölu og dreifingu á rafretum sem innihalda önnur brögð en tóbaks- og menthólabragð. Einn stærsti frameiðandi rafretna í Bandaríkjunum, Juul, hætti í nóvember 2018 sölu á rafretum sem innihalda bragðefni og selur eingöngu rafrettur sem innihalda tóbaks og menthól bragð.

Var það fyrst og fremst gert til að bregðast við miklum fjölda ungra notenda. Í yfirlýsingu frá fyrirtækinu kom fram að vörurnar væru eingöngu hugsaðar sem staðgönguvara fyrir eldra reykingafólk. Þær ættu ekki að vera aðlaðandi fyrir börn og því var ákveðið að taka bragðefnabættar rafrettur úr sölu. Fyrirtækið hefur samþykkt að borga tugi milljóna dollara í skaðabætur fyrir m.a. að selja rafrettur sem innihalda ávaxta bragðefni og með því stuðla að „irresponsible marketing efforts that pushed minors toward nicotine and the addiction that follows“.

- alþjóðlegar rannsóknir á áhrifum bragðefna

Sýnt hefur verið fram á að bragðefni í rafrettum ein og sér geta valdið skaða á t.d. hjarta og æðarkerfi ásamt öndunarferum.

Conclusions

Our data demonstrated that selected e-liquid flavorings have detrimental effects on endothelial cell viability and function, changes that are accompanied by increased ROS and caspase 3/7 activity. We also showed that the use of e-cigarettes alone is capable of increasing plasma nicotine concentrations comparable to levels achieved via conventional cigarettes, indicating that e-cigarettes provide effective and measurable nicotine delivery. In addition, our results show increased ROS generation and inflammatory cytokines present in serum was observed in concert with acute e-cigarette use-induced endothelial dysfunction, as indicated by impaired tube formation of iPSC-ECs. As e-cigarette use becomes more widespread, additional studies of their health effects become more urgent as this understanding could inform both public health policy and regulation. Nonetheless, our current findings are an important first step in filling this gap by providing mechanistic insights on how e-cigarettes cause endothelial injury and dysfunction, which are an important risk factors for the development of CVD.

Modeling Cardiovascular Risks of E-Cigarettes With Human-Induced Pluripotent Stem Cell-Derived Endothelial Cells | Journal of the American College of Cardiology (jacc.org)

Það má við þetta bæta að komið hefur fram að bragðefnin höfða til barna og ungmenna samkvæmt rannsóknum. Samkvæmt nýrri sænskri eigindlegri rannsókn kemur fram að ungmenni meti skaðsemi bragðbættra nikótínvara minni.

Nikótín snus er sérstaklega vinsælt hjá ungu fólki

Ungt fólki þykir nikótínþúðar ferskari, meira töff og betri fyrir heilsuna en tóbak í vör. Tíska í mismunandi hópum getur líka haft áhrif á val á snústegund og það eru aðallega stúlkur og yngri fólk sem notar nikótínþúða. Ungu fólkið telur að bragðbætt snus hafi þau áhrif að fleiri prófi eða haldi áfram að nota snus. Mörg þeirra telja að framleiðendur hafi vísitandi valið bragðtegundir sem höfði til ungmenna, eins og sælgæti og ávaxtabragð.

Hur ser ungdomar på snus? – Erfarenheter och insikter från ungdomar om snus och snusanvändning — Folkhälsomyndigheten (folkhalsomyndigheten.se)

b) Varðandi markmið og ætluð áhrif mismunandi aðgerða í frumvarpinu á neyslu ungmenna s.s.

- bann við neyslu á tilteknum stöðum

Markiðið er að draga úr notkun barna og ungmenna á nikótínvörum. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að ekki sé heimilt að nota þessar vörur í umhverfi barna og ungmenna. Má gera ráð fyrir að þessar reglur dragi úr félagslegum þrýstingi sem rannsóknir sýna að er áhrifaþáttur fyrir að hefja notkun á þessum vörum.

- Aðgangshindranir

Gert er ráð fyrir 18 ára aldurstakmarki á að kaupa og selja nikótínvörur. Markmiðið er að takmarka aðgengi barna og ungmenna á þessum vörum til að reyna að koma í veg fyrir að þau ánetjist nikótíni. Það voru sett aldurstakmark við 18 ár við kaup og sölu á rafrettum og eðlilegt að gildi það sama við aðrar nikótínvörur.

- takmarkanir á sýnileika

Rannsóknir hafa sýnt að sýnileikabann hefur áhrif á það að börn og ungmenni hefji notkun. Kemur í veg fyrir skyndi kaup á þessum vörum í hugsunarleysi og fljótfærni. Á þetta sérstaklega við um börn og ungmenni. Þetta er byggt á ótal rannsóknum sem gerðar hafa verið í mörgum löndum þar sem sýnileikabann tóbaki hefur verið tekið upp.

Evidence brief: Tobacco point-of-sale display bans - eng (who.int)

- takmarkanir á skammtastærð/styrk hvers púða

Markmiðið er að auka öryggi og draga úr líkum á eitrunaráhrifum. Ekki síst vegna barna sem í slysi innbyrða þessar vörur sem geta valdi alvarlegum skaða. Eitrunarmiðstöð Landspítalans fær fyrirspurnir frá unglingum sem óvart hafa gleypst púða og foreldrum barna sem komast í púða ýmist notaða eða ónotaða. Svo rammt hefur kveðið að þessu að komið hafa fram viðvaranir frá bráðamóttöku barna á Landspítala, vegna þessa.

- bann við notkun bragðefna

Markmið ákvæðisins er að draga úr neyslu barna og ungmenna á nikótínvörum og rafrettum. Bragðefni spila aðalhlutverki í því hversu vinsælar og útbreiddar nikótínvörur eru. Samkvæmt skýrslu um lokaálit Scientific Committee on Health, Environmental and Emerging Risks (SCHEER) (2021) eru bragðefni talin af ungmennum vera mikilvægasti þáttur rafrettna og þau voru líklegri til að byrja notkun rafrettna með bragðbættum rafrettum en ella.

Bragðtegundir minnka skynjun neytenda á skaðsemi vörunnar og auka vilja fólks til að prófa og nota vöruna. Neytendur gætu því talið að rafrettur og nikótínþúðar séu skaðminni vegna bragðtegundanna sem eru í þeim. Þau ungmenni sem reykja rafrettur sem innihalda bragðefni reykja meira heldur en sá hópur sem reykir rafrettur með tóbaksbragði. Því eru vísbendingar um að bragðefni leiði til þess að notkun ungmenna á rafrettum aukist og færist úr því að vera „fikt“ í reglubundna notkun.

Ungmenni sem byrja að fíkta við að nota rafrettur, nikótínþúða eða aðrar nikótínvörur ætla sér ekki að verða háð nikótíni. Það er hins vegar staðreynd að nikótín er gríðarlega ávanabindandi efni sem veldur fíkn sem mörgum reynist erfitt að losna undan. Í því sambandi má benda á að nikótínþúðar og rafrettur innihalda alla jafna gríðarlega mikið magn nikótíns, en einn nikótínþúði getur innihaldið jafn mikið nikótínmagn og nikótín í hálfum sígarettu pakka.

Nikótín notkun barna og ungmenna getur haft neikvæð áhrif á þroska heilans, einkum á þau svæði sem stýra einbeitingu, skapi, hvatastjórnun o.fl. Regluleg notkun nikótíns hefur einnig slæm áhrif á hjarta- og æðakerfi. Það er því allt til að vinna að byrja ekki að nota nikótínvörur. Það er ábyrgðarhluti að hafa vörur á markaði sem ungt fólk aðhyllist og prófar sökum þess að það er sérstaklega verið að höfða til þeirra en er í raun eins konar nikótín gildra í dulargervi einhvers annars á borð við sælgæti.

Því hefur verið haldið fram að ungmenni sem reykja rafrettur færi sig síðar yfir í tóbaksreykingar. Það er því óábyrgt að hafa á boðstólum rafrettur sem með bragðefnum höfða sérstaklega til barna

og ungmenna og því má segja að lýðheilsusjónarmið krefjist þess að gripið sé til frekari aðgerða til að sporna við framangreindri notkun ungmenna á rafrettum.

Óumdeilt að bragðefni, sérstaklega nammi- og ávaxtabrögð, laða börn og ungmenni að nikótínvörum og gegna lykilhlutverki í hversu útbreidd og regluleg notkun þessara vara er meðal barna og ungmenna. Að sama skapi eru samkvæmt söluaðilum og framleiðendum bragðtegundir höfuðástæða þess að fullorðnir nota vöruna. Þá eru ávaxtabrögð mun vinsælli hjá yngri notendum heldur en þeim sem eldri eru og sama má segja um mentól- og nammibrögð. Spurningin er því ekki hvort bragðtegundir geri vöruna meira aðlaðandi heldur hvort taka eigi meira tillit til tóbaksreykingafólks sem er að reyna að hætta og notar rafrettur og nikótínþúða til þess eða barna og ungmenna sem hafa ekki reykt en gætu freistast til að hefja notkun rafrettna eða nikótínþúða þar sem þær innihalda bragðefni sem sértaklega höfða til þeirra.

Frá sjónarhóli þeirra sem eru á móti takmörkun hefur því verið teft fram að um skaðaminnkandi vörur sé að ræða í samanburði við tóbaksreykingar. Í því sambandi verður þó að hafa í huga að þessar vörur innihalda gríðarlega hátt magn nikótíns. Nikótín er ekki skaðlaust efni eins og hefur slæm áhrif á hjarta og æðakerfi og hefur áhrif á þroska framheila. Í umsögn Krabbameinsfélags Íslands við frumvarpið kom fram að vísbendingar væru um að nikótín væri krabbameinsvaldandi. Einnig hafa komið fram tilvik þar sem sýnt hefur verið fram á tengsl rafrettunotkunar viðkomandi við lungnasjúkdóma. Það má þó taka undir það sjónarmið að rafrettur og nikótínþúðar séu trúlega skaðminni en sígarettur en þó með þeim fyrirvara að útbreidd og regluleg notkun meðal fólks spannar ekki mörg ár og því á enn eftir að koma í ljós hver raunveruleg áhrif raffrettna eru á heilsu fólks.

Því hefur einnig verið haldið fram að rafrettur og nikótínþúðar hjálpi fólki að hætta að reykja. Trúlega hafa þessar vörur hjálpað einhverjum að hætta að reykja en þó má benda á að þrátt fyrir takmörkun á sölu tiltekinna bragðtegunda þá standa nikótínþúðar enn til boða fyrir þá einstaklinga sem telja þörf á að styðjast við þær til að hætta tóbaksreykingum. Í þessu sambandi þarf einnig að hafa í huga að til eru lyf sem eru sérstaklega framleidd og markaðssett til þess að hjálpa reykingar fólki til að hætta að reykja (tyggjó, plástrar, munnúðar), rafrettur og nikótínþúðar eru það ekki. Hvorki rafrettur eða nikótínþúðar hafa sýnt fram á slíka virkni. Einnig þarf að hafa í huga að það er aðeins lítill hópur þeirra sem nota nikótínþúða og rafrettur daglega sem eru fyrrum tóbaks reykingamenn. Langstærsti hópur notenda nikótínþúða og rafrettna eru börn og ungmenni sem hafa ekki reykt tóbak en eru nú orðin háð nikótíni og spila bragðefnin þar lykilhlutverki.

Ekki er talið að gengið sé of langt með framangreindum takmörkunum því eingöngu er verið að takmarka bragðefni sem höfða til barna, nammi- og ávaxtabragð, en ekki er verið að banna innflutning, framleiðslu eða sölu á nikótínvörum og rafrettum. Þær vörur standa því enn til boða fyrir þá einstaklinga sem telja þörf á að styðjast við þær til að hætta tóbaksreykingum. Því er verið að gæta meðalhófs með því að feta mitt á milli hagsmuna þessara hópa.

- auglýsingareglur

Bann við auglýsingum og sýnileika á almennum sölustöðum er ætlað að draga úr áhuga og hvatningu til að nota þessar vörur. Ótal rannsóknir hafa sýnt að auglýsingar hafa áhrif á börn og ungmenni ekki síður en fullorðna. Tilgangur auglýsingabanns er til að draga úr því að börn og ungmenni hefji notkun.

- aðrar forvarnir s.s. fræðsla

Markmið forvarna er að draga úr líkum á að börn og ungmenni hefji notkun.

Sýnt hefur verið fram á að fræðsla um skaðsemi er nauðsynlega en þó ekki nægjanleg til að hafa áhrif á hegðun. Stjórnvaldsaðgerðir sem nefndar eru hér fyrir ofan hafa sýnt að hafa mikil áhrif á að koma í veg fyrir að börn og ungmenni hefi notkun.

- annað þessu tengt

Embætti landlæknis hafa borist margar fyrirspurnir og ábendingar frá skólasamfélaginu og áhyggjufullum foreldum. Þessir aðilar lýsa áhyggjum á mikilli markaðsetningu og mikilli útbreiðslu á nikótínvörum meðal barna og ungmenna.

Því telur Embætti landlæknis það afar mikilvægt lýðheilsumál að þetta frumvarp verði að lögum sem fyrst.

Norræn samanburður á regluverki varðandi nikótínvörur á borð við nikótínþúða.

All WHO FCTC provisions should cover smokeless tobacco by default, but in recent years, it has been recommended that the provisions are applied also to novel and emerging tobacco and nicotine products, such as e-cigarettes (WHO FCTC general agreement 2018).

Overall, countries vary considerably in the availability of different tobacco and non-medical nicotine products on the national markets. Overall, Norway has been most strict in banning the novel tobacco and nicotine products, such as nicotine-containing e-cigarettes and e-liquids, from entering the markets, however, after harmonizing legislation with TPD, nicotine-containing e-cigarettes will be allowed in 2022. (Acts in additional file 2 table 2.) Most types of tobacco products are sold in Denmark and Sweden, including novel products such as nicotine pouches and heated tobacco products. Snus is sold in Sweden and Norway and snus-like products are sold in Denmark and Iceland. In Finland, selling smokeless tobacco products for oral and nasal use is prohibited. Pictorial warnings are not required for snus in Sweden and Norway nor for chewing tobacco in Sweden, Norway, Denmark and Iceland. (WHO 2020f, Acts in table 2). The sale of snus-like nicotine pouches is unregulated in Iceland, Sweden, whereas Norway applies regulation similar to snus and Finland requires a medical sales permit. In Denmark nicotine pouches will be subjected to prohibition on sales to under 18-year-olds, point-of-sale display ban, health warnings on packages and restrictions on advertising, yet not to ban on flavors nor plain packaging (Denmark 2019).

c) Varðandi upplýsingar um áform um heildarendurskoðun á lögum um tóbak og staðgönguvörur

- er vinnan hafin?
- hvenær er áætlað að henni ljúki?

Að svo stöddu er ekki hafin vinna við heildarendurskoðun á lögum um tóbak og staðgönguvörur. Ástæðan er sú að hinn 4. maí 2022 tók Sameiginlega EES-nefndin upp í EES-samninginn svokallaða tóbaksvarnatilskipun (TPD) 2014/40/ESB sem skal innleidd á haustdögum. Verður því lagt fram frumvarp á 153. lögjafarþingi til laga um breytingu á tóbaksvarnalögum nr. 6/2002. Þegar þeirri innleiðingu er lokið verða sett upp áform um heildarendurskoðun á lögnum um tóbak og staðgönguvörur og jafnframt skoðað hvort lögjöf þar að lútandi verði sameinuð í einn lagabálk.